

Nr. 19.  
2.  
nóvbr.

## L ö g

um breyting á lögum og viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911,  
um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum skipum.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Meðan vöntun er á íslenskum vjelstjórum, sem fullnægja ákvæðum laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum frá 11. júlí 1911, getur stjórnarráð Íslands veitt mönnum, er til þess teljast hæfir, leyfi til þess að vera vjelstjórar á íslenskum gufuskipum, þótt þeir fullnægi ekki ákvæðum nefndra laga, enda hafi þeir meðmæli eftirlitsmanns með vjelum skips þess, er þeir ætla að verða vjelstjórar á, og vjelfræðikennarans við stýrimannaskólann.

### 2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin bráðabirgðalög 2. mars 1914 um viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum skipum.

### 3. gr.

b-liður 3. gr. laga frá 11. júlí 1911 orðist svo:

Að hann hafi stundað járnsmíði í 3 ár á einhverju því verkstæði hjer á landi eða erlendis, sem stjórnarráðið mælir með fyrir slíka iðnnema, eða hafi stundað járnsmíði á slíku verkstæði í 1 ár og síðan verið undirvjelstjóri með undanþágu í 2 ár, enda hafi hann fengið vottorð frá meistara sínum um kunnáttu, dugnað og reglusemi.

### 4. gr.

Aftan við 6. gr. laganna frá 1911 bætist:

eða hafi siglt 2 ár sem yfirvjelstjóri með undanþágu.

### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 2. nóvember 1914.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sig. Eggers.*